

**RioTinto**

**ISAL**

**Álver Rio Tinto í Straumsvík**



**UMSÓKN UM ENDURNÝJUN  
STARFSLEYFIS**

**SKÝRSLA UM GRUNNÁSTAND**

## Inngangur

Núgildandi starfsleyfi fyrir álver Rio Tinto á Íslandi, ISAL, heimilar framleiðslu á allt að 460.000 tonnum af áli á ári í kerskálum álversins. Starfsleyfið gildir til 1. nóvember 2020. Því er nú sótt um endurskoðun á starfsleyfi fyrirtækisins samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Í 15.gr. reglugerðarinnar segir „*Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinnna hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært*“.

Á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins hafa verið gerðar leiðbeiningar um gerð skýrslu um grunnástand vegna útgáfu starfsleyfa í samræmi við tilskipanir þess.

Fyrsta útgáfa þessarar grunnástandsskýrslu fyrir álver ISAL í Straumsvík kom út í apríl 2020 en hér er um aðra útgáfu að ræða, sem er dagsett í október 2020. Skýrslan er byggð eftir því sem á við, á leiðbeiningum Evrópusambandsins og skiptist í eftirfarandi hluta:

1. Greina hvaða hættuleg efni eru notuð, framleidd eða losuð í stöðinni.
2. Tilgreina hvaða hættuleg efni verður fjallað um.
3. Mat á mögulegri mengun á staðnum.
4. Saga staðarins.
5. Lýsing á staðháttum.
6. Einkenni svæðisins.
7. Rannsóknir á svæðinu.
8. Samantekt um grunnástand.

Eftirfarandi fylgiskjöl eru með þessari skýrslu:

- Fylgiskjal 1 Niðurstöður eldri mælinga
- Fylgiskjal 2 Sýnatökupakkar ALS
- Fylgiskjal 3 Vatnssýnataka
- Fylgiskjal 4 Jarðvegssýnataka
- Fylgiskjal 5 ALS niðurstöður fyrir vatn
- Fylgiskjal 6 ALS niðurstöður fyrir jarðveg
- Fylgiskjal 7 Borun í kerbrotagryfjur 2002

## EFNISYFIRLIT

<b>1</b>	<b>HÆTTULEG EFNI NOTUÐ, FRAMLEIDD EÐA LOSUÐ Í STÖÐINNI ...</b>	<b>3</b>
1.1	VINNSLUFERLI ÁLS .....	3
1.2	LÝSING Á HRÁEFNUM, HJÁLPAEFNUM OG ÖÐRUM EFNUM SEM ERU NOTUÐ EÐA FRAMLEIDD Í STÖÐINNI. ....	6
1.3	LÝSING Á LOSUN FRÁ STÖÐINNI .....	8
<b>2</b>	<b>HÆTTULEG EFNI SEM FJALLAÐ VERÐUR UM .....</b>	<b>9</b>
<b>3</b>	<b>MAT Á MÖGULEGRI MENGUN Á STAÐNUM .....</b>	<b>11</b>
3.1	UMFANG MÖGULEGRAR LOSUNAR .....	11
3.2	STAÐSETNING MÖGULEGRAR UPPSÖFNUNAR .....	11
3.3	MENGUNARVARNIR .....	12
<b>4</b>	<b>SAGA STAÐARINS .....</b>	<b>14</b>
4.1	FYRRI NOTKUN Á LÓÐ ÍSAL .....	14
4.2	ÞRÓUN OG ATBURÐIR Í REKSTRI ÍSAL .....	14
<b>5</b>	<b>LÝSING Á STAÐHÁTTUM.....</b>	<b>18</b>
5.1	LEGA LANDS OG YFIRBORÐ .....	18
5.2	JARÐFRÆÐI OG GRUNNVATN .....	18
5.3	YFIRBORÐSVATN .....	20
5.4	LÓÐ.....	21
5.5	NÁGRENNI OG ÁHRIFASVÆÐI .....	21
<b>6</b>	<b>NÁNARI LÝSING Á MÖGULEGA MENGUDUM SVÆÐUM .....</b>	<b>22</b>
<b>7</b>	<b>RANNSÓKNIR Á SVÆÐINU .....</b>	<b>22</b>
7.1	ELDRI RANNSÓKNIR .....	22
7.2	NÝJAR RANNSÓKNIR.....	23
<b>8</b>	<b>SAMANTEKT UM GRUNNÁSTAND .....</b>	<b>27</b>
8.1	INNGANGUR .....	27
8.2	FLÆDIGRYJUR .....	27
8.3	GRUNNVATN.....	29
8.4	JARÐVEGUR .....	34

# 1 HÆTTULEG EFNI NOTUÐ, FRAMLEIDD EÐA LOSUÐ Í STÖÐINNI


## 1.1 VINNSLUFERLI ÁLS

Ál er þriðja algengasta frumefni jarðskorpunnar, næst á eftir súrefni og kísli. Ál er algengasti málmurinn og nemur um 8% af heildarþyngd jarðskorpunnar. Hreint ál finnst ekki í náttúrunni heldur eingöngu í efnasamböndum, til dæmis oxíðum og sílókötum eins og gljásteynum og leir.

Hér verður lýst í megindráttum framleiðsluferli áls, allt frá hráefnisvinnslu til útflutnings á áli frá Íslandi (**mynd 1**).

Súrál ( $\text{Al}_2\text{O}_3$ ) er meginhráefni til álframleiðslu. Súrál er unnið úr baxíti en súrálshinnihald þess er 35-50%. Baxít er unnið úr yfirborðsnámum, mulið og þvegið og síðan flutt til súrálshreinsunarstöðva. Þar er baxítið fín malað og meðhöndlað með natríum hydroxíði og súrálið skilið frá öðrum efnum. Vegna þessarar meðhöndlunar inniheldur súrál örlítið natríum. Baxít er aðallega unnið í Ástralíu (~40%), Suður-Ameríku (~30%) og Afríku (~20%).


Ál er framleitt með rafgreiningu súrals sem felst í að kljúfa súrál í frumefni sín, ál (Al) og súrefni (O), með rafstraumi við háan hita. Forskautin eru úr kolefni sem brennur í heitu súrefninu. Ferlið er því samkvæmt eftirfarandi efnajöfnu:




Til að framleiða 1 t af áli þarf um 2 t af súráli en til framleiðslu þess þarf 4-6 t af baxíti. Auk þess þarf um 0,4 t af forskautum, um 15 kg af álflúoríði og 13.000- 15.000 kWst af raforku.

Súrál er flutt í sandkenndu formi sjóleiðina til Straumsvíkur. Frá hafnarbakka er súrálið flutt með færíböndum og geymt í súrálsgeymum við verksmiðjuna. Frá geymunum er súrálið flutt um þéttflæðikerfi í daggeyma við þurrhreinistöðvar, sem eru á milli kerskálanna, og úr daggeymum með þéttflæðirörum í tanka, sem eru yfir kerunum. Frá tönkunum er súráli skammtað í kerin með tölvustýrðum súrálsskömmturum, en tveir tankar og súrálsskammtarar eru við hvert ker.

Í kerunum fer fram upplausn súralsins í raflausn (**mynd 2**). Álið er svo rafgreint úr raflausninni. Raflausnin er krýólít sem er natríum álflúoríð. Natríum kemur inn með súrálínu, en flúoríð fæst með því að bæta álflúoríð út í lausnina. Þurrhreinistöðvarnar hreinsa ryk og vetnisflúoríð úr útblæstri frá kerunum með því að blanda því saman við hreint súrál. Þá myndast það sem kallað er hlaðið flúoríðríkt súrál sem notað sem hráefni í kerin, og viðheldur flúoríð innihaldi raflausnarinnar.



Mynd 1 Framleiðsluferli ISAL.



**Mynd 2** Uppbygging rafgreiningarkers.

Efst í kerunum myndast hörð skel, kölluð skurn, og verður að brjóta hana í hvert sinn sem súráli er skammtað í kerin. Nauðsynlegt er að skömmun í rafgreiningarkerin sé nákvæm. Berist of mikið súrál í kerin leysist það ekki allt upp í raflausninni en sé það of lítið getur myndast svokallað ris. Ris verður ef þunnt lag af gasi, sem klofnar úr raflausninni, safnast undir forskautunum en við það verður straumrásin (straumleiðni) á milli forskauts og bakskauts ekki jafn greið. Mikilvægt er að hafa ris sem fæst þar sem straumnýtni lækkar niður í nánast ekki neitt á meðan ris stendur yfir, auk þess sem flúorkolefni ( $CF_4$ ,  $C_2F_6$ ), sem eru sterkar gróðurhúsalofttegundir, myndast. Með nútíma framleiðslutækni er hægt að hafa góða stjórn á tíðni risa. Í núverandi framleiðslu sem og við fyrirhugaða stækkun álversins er áætlað að losun flúorkolefna verði um 0,07 kg á hvert unnið tonn af áli. Álið safnast úr raflausninni við bakskaut á botni keranna en ofan á flýtur lag af raflausn. Álið er sogað upp í deiglu sem eru fluttar á vögnum yfir í steypuskála. Til þess að halda góðu varmajafnvægi í kerunum er aðeins tekinn hluti af álinu í einu en magni áltökunnar er stýrt með tölvubúnaði.

Í skautsmiðju eru forbökuð innflutt skaut fest á skautgaffla. Til að vernda skauttindana gegn tærandi áhrifum raflausnarinnar er álkragi settur utan um þá, sem síðan er fylltur af kragasalla. Kragasallinn var óbakaður kolefnissalli og gat því innihaldið PAH efni. Forskautin eyðast smám saman upp við rafgreininguna þegar kolefni í forskautunum hvarfast við súrefni í súrálínu og rýkur burt sem  $CO_2$ . Þegar forskautin hafa brunnið hæfilega mikið eru skautgafflarnir teknir upp og skautleifarnar losaðar frá tindunum með skautbrjóti. Skautgafflarnir eru hreinsaðir, gert við þá og sett á þá ný skaut. Skautleifar eru fluttar út til endurvinnslu.

Í hverju kerri eru mörg forskaut og er líftími þeirra 28-32 dagar. Skipt er um forskautin eftir ákveðnu kerfi, til dæmis 2 skaut á tveggja daga fresti, þannig að alltaf verður jöfn aldurdreifing á skautum í hverju kerri. Þá eru tekin út 2 skaut í einu og 2 ný sett í staðinn. Skautleifin, skurnin og súrálið sem þekur skautin fer í efnisendurvinnslu til endurnotkunar. Skautleifin er brotin niður og send til framleiðanda rafskautanna, sem nýtir skautbrotin í framleiðslu á nýjum forskautum. Skurnin og þekjuefnið eru endurunnin í Straumsvík og notuð aftur í framleiðslunni.

Meðallíftími fódringa í kerum er 4-6 ár. Í lok endingartímans eru kerin flutt úr kerskálunum í kerfóðrunarstöð þar sem þau eru endurbyggð. Kerbrotin sem verða til þegar notuðu fódringarnar eru brotnar úr kerunum flokkast sem spilliefni vegna þess að þau innihalda meðal annars vatnsleysanleg flúoríð ( $F^-$ ) og sýaníð ( $CN^-$ ), sem eru hættuleg fyrir ferskvatnslífverur.

Í steypuskála eru notaðar steypuvélar til að umbreyta fljótandi áli frá kerskálunum í sívalar stangir eða álkubba áður en það er flutt út. Með því að blanda öðrum efnum eins og magnesíum og kísli út í álið má fá þær málmblöndur sem viðskiptavinurinn óskar eftir. Til að fjarlægja óhreinindi og gjall er argongasi blásið í deiglurnar og gjall og skánir skafið ofan af. Áður var einnig notað klórgas og önnur hættuleg efni í stað argons, en slíkt hefur ekki verið gert nú í áratugi.

## 1.2 LÝSING Á HRÁEFNUM, HJÁLPAEFNUM OG ÖÐRUM EFNUM SEM ERU NOTUÐ EÐA FRAMLEIDD Í STÖÐINNI.

### Súrál

Súrál er ( $Al_2O_3$ ), sem unnið er úr baxíti með því að sjóða baxítið í natríum hydroxíði. Þetta er gert til að fjarlægja einkum járn, en einnig kísil, títan og snefilefni úr baxítinu. Baxít er náttúrulegt jarðefni sem finnst einkum á svæðum í hitabeltinu og á heittempruðum svæðum. Það fer eftir svæðum hvaða snefilefni eru í baxítinu. Natríum innihald súralsins eftir vinnsluna er nóg til að mynda krýólít raflausnina með viðbættu álflúoríði. Súrál er sogað upp og dælt í rauðu og hvítu súralsgeymana og síðan dreift til kerskála og þurrhrensistöðva með þéttflæðikerfi.

### Álflúoríð

Til að vinna á móti því flúoríði sem tapast úr vinnslunni er álflúoríði ( $AlF_3$ ) bætt út í raflausnina (krýólít) í rafgreiningarkerunum til að stilla af rétta samsetningu á raflausninni. Álflúoríð er meðhöndlað í lokuðu kerfi og smitast lítið út. Álflúoríð er mjög sjaldgæft í náttúrunni, og er því oftast framleitt úr áloxíði.

### Forskaut

Forskaut eru búin til úr olíukoksi með bikmassa sem eru forbökuð í sérstökum rafskautaverksmiðjum. Vegna þess að þau eru forbökuð þá eru ekki í þeim rokgjörnum fjölhringja vetnikolefnissambönd (PAH). Forskautin innhalda rúmlega 1,5% brennistein á móti kolefninu, en auk þess geta verið ýmis snefilefni í þeim eins og í öðrum lífrænum efnum, sem unnin eru úr náttúrulegum efnum. Forskautin brenna upp með súrefni sem losnar frá súráli við rafgreininguna og mynda koldíoxíð ( $CO_2$ ).

Í álveri ISAL er svokölluð skautsmiðja þar sem skautgafflar eru settir í skaut til að leiða straum inni í þau. Til að festa skautin við gafflana er bráðnu járn helld með tindunum ofan í göt á hverju skauti.

Til að koma í veg fyrir að járn smitist yfir í álið og til að minnka líkur á að skautin detti af göfflunum er settur álkragi utan um hvern tind og bilið á milli kragans og tindsins fyllt með kragasalla.

### **Kragasalli**

Kragasalli var búinn til úr muldum skautleyfum ásamt bindiefni úr koltjörubiki og getur því innihaldið fjölrhringja vetniskolefnissambönd (PAH). Kragasalli var framleiddur og endurunninn hjá ISAL fram til ársins 1999 og var kragasallavinnslan staðsett sjávarmegin við skautsmiðjuna. Kragasalli hefur verið framleiddur hjá Blendi, sem er sunnan Reykjanesbrautar. Á undanförunum árum var bindiefninu breytt og notaður salli sem inniheldur mun minna af PAH efnum. Nýjasti sallinn er ekki merkingarskyldur og inniheldur hverfandi magn PAH efna.

### **Kerfóðringar**

Á 4-6 ára fresti þarf að endurfóðra kerin með múrsteinum eða eldföstum steini. Einnig fara í kerin bakskaut sem eru úr kolefni ásamt straumleiðurum. Um nokkrar gerðir af eldfösum steinum getur verið að ræða og eru fóðringarnar þéttar með steinlími eða þjöppusalla. Þegar kerin eru brotin upp þá er kerkápan og straumleiðarar endurnýtt, en afganginum þarf að farga. Steinarnir eru í grunninn óvirkt efni en í þá smitast flúoríð, sýaníð og ál.

Þjöppusalli er notaður til að þétta kerin. Eldri þjöppusalli innihélt koltjörü og þar með PAH efni. Árið 2015 var farið að nota umhverfisvænni salla og verður eingöngu slíkur salli notaður frá og með september árið 2020.

### **Olía**

Í álverinu hefur verið notuð svartolía til upphitunar á ofnum til bræðslu á málm í steypuskála. Árið 2019 var skipt úr svartolíu yfir í flotaolíu. Einnig er gasolía notuð á farartæki. Geymslutankar fyrir olíu eru á milli súrálsgeyma og verkstæða. Allir tankar eru í lokuðum þróm. Auk þess er vökvaolía (glussi) á ýmsum tækjum og búnaði. Mest notkun á slíkum tækjum er innanhúss og á svæðum með bundu slitlagi.

### **Spennaolía**

Spennaolía er á rafspennum í álverinu. Stærstu spennar eru í aðveitustöð álversins við austurenda lóðar álversins, en minni spennar eru í spennistöðvum við notkunarstað víða á lóðinni. Allir rafspennar eru innandyrta og í þróm.

PCB var notað í spennaolíu og á þetta, en það var fjarlæggt samhliða herferð stjórnvalda til að eyða PCB á Íslandi á níunda áratug síðustu aldar.

### **Raflausn**

Raflausn er aukaafurð sem verður til við álframleiðslu. Raflausnin inniheldur krýólít sem er natríum álflúoríð. Hún er sogin upp úr rafgreiningarkerunum, kæld og möluð í efnisvinnslu. Hluti af raflausninni er síðan sekkjuð og geymd í gámum áður en hún er



seld viðskiptavinum. Einnig eru raflausn og þekjunarefni endurunnin í efnisvinnslunni og notuð aftur í rafgreiningarkerin.

### Álgjall

Álgjall og skánir myndast í ofnum steypuskála. Álgjalið, sem fleytt er ofan af bráðnu álinu, inniheldur auk áls snefil af öðrum málum. Álgjall var áður urðað en hefur nú verið sent til endurvinnslu í nokkra áratugi. Í álgjali geta verið hættuleg efni eins og ammoníak og álnítríð sem hefur þann eiginleika að brenna í vatni.

### Kerbrot

Bakskaut og kerfóðring brotna smám saman niður á allmörgum árum og þá þarf að brjóta fóðringuna úr kerunum en við það myndast kerbrot. Kerfóðringin smitast af flúoríði og áli auk þess sem eldfasti steinninn molnar niður og blandast í þau. Þar sem afoxun fer fram við bakskautin getur myndast sýaníð. Sýaníð er efnasamband kolefnis og köfnunarefnis og er eitrað fyrir vatnalífverur sem þurfa súrefni. Örverur og gróður geta nýtt sýaníð eins og ammoníak sem áburð. Kerbrot eru urðuð með skeljasandi í flæðigryfjum og flutt þangað á bíl með yfirbreiðslu. Í flæðigryfjum er virk útskolun með sjó á flúoríði og sýaníði. Flúoríð getur bundist kalsíum í sjó og skeljasandi og frítt sýaníð myndar kompleksa með járn og öðrum málmjónum, auk þess sem það nýtist gróðri sem köfnunarefnisgjafi.

## 1.3 LÝSING Á LOSUN FRÁ STÖÐINNI

### Losun til andrúmslofts

Stærsta uppspretta losunar í andrúmsloft er frá kerskálum og þurrhreinsistöðvum. Við rafgreiningu í kerunum er súráli skammtað í kerin þar sem það leysist upp og klofnar í raflausninni (krýólíti). Við rafgreininguna stígur upp blanda af gasi og rykögnum. Gasið er samsett úr loftkenndu flúoríði (HF), koltvísýringi (CO<sub>2</sub>), kolsýringi (CO) og brennisteinsdíoxíði (SO<sub>2</sub>). Kerreyknum er haldið inni í kerinu af þekjunum sem loka því og hann síðan leiddur um afsogsstokka í þurrhreinsistöðvar þar sem hann kemst í snertingu við súrál, sem er sprautað inn í kerreykinn. Súrálið dregur til sín og heldur eftir vel yfir 99,5% af flúoríðinu.


Kerreykurinn er síðan leiddur í gegnum pokasíur sem hreinsa að mestu áloxíð og ryk úr kerreyknum. Að endingu er hreinsaða kerreyknum sleppt út í andrúmsloftið í gegnum strompa. Hlaðna (flúorbætta) súrálið er sent til baka til rafgreiningarkeranna og verður þannig hluti af hringrás endurnýtingar.

### Losun til sjávar

Rafgreining á áli er alveg þurrt ferli og ekkert vatn er notað.

Í ferlum tengdum rafgreiningunni er vatn notað til kælingar. Afriðlar í spennustöð eru vatnskældir, svo og loftþjöppur, en einnig er notað vatn til kælingar þegar verið er að steypa álið í mót.

Olúgildirur er tengdar þar sem hugsanlegt er að olía geti komið í frárennsli. Alls eru 9 olúgildirur á svæðinu. Svæðisskipting fyrir olúgildirur er sýnd á mynd 3.



Mynd 3 Svæðisskipting fyrir olúgildirur.

Neysluvatn frá starfsmannaáðstöðu er leitt um rotþró til sjávar.

Regnvatn af plönnum og þökum álversins fer í regnvatnslögn út í sjó. Yfirborðsvatn getur mengast af efnum sem það kemst í tæri við. Þannig getur regnvatn af þökum og lóð innihaldið eitthvað af ryki og flúoríði, sem hefur farið upp um þak kerskála. Einnig getur verið í því uppleystir málmar eins og sink vegna tæringar á mannvirkjum utanhúss. Sandföng eru á niðurföllum.

**Meðhöndlun efna**

Nokkur meðhöndlun og flutningur efna á sér stað utanhúss en meðhöndlun þeirra getur hafa valdið mengun jarðvegs. Þar má nefna raflausn, kragasalla, kerbrot, gjall og olíur.

**2 HÆTTULEG EFNI SEM FJALLAÐ VERÐUR UM**

Meðfylgjandi **tafla 1** sýnir helstu hættuleg efni sem skoðuð hafa verið með tilliti til jarðvegs og grunnvatnsmengunar., ásamt yfirliti um eiginleika, meðhöndlun og skráð atvik.

Í köflunum hér á eftir verður fjallað nánar um efni tilgreind í **töflu 1**, auk þess sem fjallað verður um málma sem geta fylgt með álvinnslu sem snefilefni. Ekki verður þó fjallað nánar um PCB efni þar sem notkun þess var öll innanhúss og einungis eitt atvik er skráð. Þá voru tekin sýni en ekkert fannst.

Tafla 1 Listi yfir hættuleg efni.

Heiti	Efnaheiti hættulegs innihaldsefnis	CAS númer	Eiginleikar	Meðhöndlun	Atvik	Mengunarþáttur
Álfúoríð	Álfúoríð	7784-18-1	Ekki merkingarskytt. Leysist ekki upp í vatni, ekki hættulegt umhverfi.	Er í lokuðu kerfi í dag.		Flúoríð
Raflausn	Krýólít	239-148-8	H332 Hættulegt við innöndun H372 Skaðar líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif. H411 Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.  Hreyfanleiki: „Raflausn dreifist í formi dropaagna. Lítil leysni og dreifing. Aðsog í útfellingar eða lífræn setlög“.	Mikil meðhöndlun milli kerskála 1 og 2. Ferskvatn ekki til staðar og viðtaki sjór/grunnvatn.	Engin óhöpp þekkt.	Flúoríð
Kragasalli	Háhitakolatjara	65996-93-2 Hættusetningar fyrir B(a)P 50-32-8	H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. H350 Getur valdið krabbameini. H360 Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði. H400 Mjög eitrað lífi í vatni. H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.	Var meðhöndlað utandyra, vegna meðhöndlunar á kragasalla framleiddum utan svæðis. Hjólaskófla notuð til að taka kragasalla úr stíu og á notkunarstað.  Hætt að nota þennan kragasalla. Nýjasti kragasalli ekki merkingarskyldur.	Engin óhöpp þekkt.	PAH
Bik	Háhitakolatjara	65996-93-2	H340 Getur valdið erfðagöllum. H350 Getur valdið krabbameini. H360FD Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði.	Var notað til framleiðslu á kragasalla á svæðinu sem var hætt 1999. Er ekki notað í dag.		PAH
Þjöppusalli	Háhitakolatjara  Dínítrótólúen	65996-93-2 Hættusetningar fyrir B(a)P 50-32-8  246-836-1	H317 Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð. H350 Getur valdið krabbameini. H360 Getur haft skaðleg áhrif á frjósemi eða börn í móðurkviði. H400 Mjög eitrað lífi í vatni. H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.  Viðbótarsetningar vegna 246-836-1 H301+311+331 Eitrað við inntöku, snertingu við húð eða innöndun.	Þjöppusalli geymdur í hráefnageymslu og síðan inn í kersmiðju. Mjög ólíklegt að hann hafi mengað jarðveg þar sem hann er meðhöndlaður innandyra. Þegar hann er hitaður gæti losun valdið mengun en það væri mjög lítið. Stöðugt efni. Er blanda efna sem leysast ekki upp í vatni, takmörkuð dreifing.  Hætt er að nota þennan þjöppusalla og nýr þjöppusalli sem ekki er hættulegur umhverfinu er notaður.	Engin óhöpp þekkt.	PAH
Olía	Svartolía/flotaolía	68476-33-5	H350 Getur valdið krabbameini. H361d Grunað um að hafa skaðleg áhrif á börn í móðurkviði. H373b Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif í snertingu við húð. H400 Mjög eitrað lífi í vatni. H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.	Olía kemur með skipum eða bílum og er dælt á tanka. Tankar hafa alltaf verið í lekaöfn. Einnig er sýslað með olíur víða vegna búnaðar. Olía er alltaf flutt í lekaöfn í dag en var ekki áður.  Svartolía er ekki lengur notuð hjá ISAL.	Vitað er um smá leka við olíudælustöð, aðveitustöð, skautsmiðju um 20-200 l. í sumum tilvikum var jarðvegur hreinsaður. Einn þekktur leki við aðveitustöð en var aðallega bundinn við malbikið.	Olíuefni
PCB	1,1-biphenyl afleiður	1336-36-3	H350 Getur valdið krabbameini. H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif. H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.	Olía sem áður var notuð á afriðla og spenna var með PCB. Hún var öll fjarlægð.	Ekki vitað um leka nema á einum stað en það var í kjallara steypuskála. Sýni tekið og sent í efnagreiningu en ekkert PCB fannst.	PCB
Geymasýra	Brennisteinssýra  Blýsúlfat	7664-93-9  7446-14-2	H314 Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða. Ekki þrávirkt og safnast ekki upp í náttúrunni. Engar vistfræðilegar upplýsingar, leysist upp í vatni.  H302-H312 Hættulegt við inntöku eða snertingu við húð. H360Df Getur haft skaðleg áhrif á börn í móðurkviði . Grunað um að hafa skaðleg áhrif á frjósemi. H373 Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif. H410 Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.	Notuð á rafgeyma. Eingöngu meðhöndlun innanhúss í afmörkuðum rýmum.  Við venjulegar aðstæður er styrkur blýs í lausn lágur.	Ekki vitað um leka.	Blý
Kerbrot			Inniheldur 4-20% flúoríð og 0,01- 0,5% sýaníð (CN). Útskolun veldur mengun í vatni, getur verið skaðlegt umhverfinu ef losað í miklu magni.	Brotið var úr kerum utandyra allt til ársins 1999. Rykmengun frá kerbrotinu gæti valdið mengun. Flæðigryfjur starfræktar á svæðinu. Viðtaki er sjór.	Engin atvik skráð.	Flúoríð/CN
Álgjall			Getur innihaldið ál í duftformi, álnítríð í duftformi og álflúoríð. Getur verið eldfimt og hættulegt lífríki í vatni ef losað í miklu magni. Hættulegt heilsu í miklu magni. Getur mengað yfirborðsvatn ef það berst í umhverfið. Yfirborðsvatn ekki til staðar - viðtaki sjór.	Álgjall var meðhöndlað utandyra á árum áður, austan megin við steypuskála. Meðhöndlun fyrri ára gæti hafa valdið mengun jarðvegs.	Atvik vegna bruna á gjalli skráð.	Flúoríð

### 3 MAT Á MÖGULEGRI MENGUN Á STAÐNUM

Í þessum kafla verður fjallað um mögulega uppsöfnun á efnum í jarðvegi og grunnvatni.

#### 3.1 UMFANG MÖGULEGRAR LOSUNAR

##### Flúoríð

Í dag fara um 100 tonn á ári af flúoríði til andrúmslofts frá ISAL. Auk þess er umfangsmikil endurvinnsla á flúoríð mettuðu súráli og raflausn í gangi á hverjum tíma við þurrhreinistöðvar og í efnisvinnslu. Þá er raflausn hreinsuð frá notuðum forskautum og einnig innihalda kerbrot flúoríð. Mikið af vinnslu á hlöðnu súráli og raflausn fer fram í opnum ferlum á milli kerskála þannig að flúoríð getur smitast út í jarðveg. Efni er einnig flutt til og frá kerbrotastöð og skautsmiðju og til flæðigryfja. Flutningur frá kerbrotastöð til flæðigryfja er á vagni með yfirbreiðslu.

Natríum flúoríð er auðleyst í vatni en álflúoríð leysist lítið. Krýólít er nokkuð torleyst í hreinu vatni en leysist upp í klóríðlausn. Flúoríð á svæðinu sem smitast út í jarðveg, skolast jafnt og þétt niður í grunnvatn og til sjávar með úrkomu og saltvatni.

##### PAH

Fjölhringa arómatísk vetniskolefni (PAH) eru hálfrokgjörn sambönd sem eru helst í óbökðuðum kolefnismassa, eins og notaður er í kragasalla í álverinu. Kragasallavinnsla fór fram í marga áratugi sjávarmegin við skautsmiðju álversins. Bik og kragasalli var geymdur í yfirbyggðum stíum sem mokað var úr þannig að allt það svæði gæti verið mengað af PAH efnum sem þar hafa safnast upp í áratugi. Einnig má gera ráð fyrir að losnað hafi um PAH efni þegar sallinn var hitaður í kragasallavinnslunni. Ekki er líklegt að þessi efni hafi dreifst víða um svæðið. Einnig innihélt þjöppusalli PAH efni, en hann var eingöngu meðhöndlaður innanhúss.

##### Sýaníð

Sýaníð (CN<sup>-</sup>) mengun fylgir almennt kerbrotum í álverum þar sem það myndast við afoxandi aðstæður við bakskaut rafgreiningarkeranna. Efnið getur einnig fylgt þar sem olúr og bik, sem innihalda bundið köfnunarefni (N), brotnar niður í jarðvegi við loftfirrtar aðstæður.

##### Málmar

Í súráli, rafskautum, straumleiðurum og kerfóðringum eru aðrir málmar en ál sem smitast úr hráefnunum yfir í afurðirnar. Mest fer í framleiðsluna, en einnig geta málmar farið út með útblæstri og yfir í kerbrot og skautleifar. Þá er mikill hluti bygginga klæddur með málmklæðningum eða með málmundirstöðum sem geta tærst/smitað út í umhverfið með úrkomuvatni og særoki.

#### 3.2 STAÐSETNING MÖGULEGRAR UPPSÖFNUNAR

Áætluð uppsöfnun þar sem starfsemi eða atvik kunna að hafa orsakað sérstaka uppsöfnun á mengunarefnum í jarðvegi er sýnd á mynd 4. Á nokkrum stöðum hafa aðstæður breyst þannig að jarðvegur hefur verið fjarlægður, til dæmis ef nýbygging

hefur verið reist á viðkomandi svæði eða búið er að skipta út yfirborðsefni og setja bundið slitlag yfir svæðið.


### 3.3 MENGUNARVARNIR

Frá upphafi hafa olúgeymar verið í þróum til að taka við mögulegum lekum. Allur rafbúnaður með spennalúu hefur verið innanhúss og einnig í þró.

Árið 1981 voru settar upp þurrhreinsistöðvar til að hreinsa flúoríð og ryk úr útblæstri álversins. Samhliða jókst endurvinnsla efnis mjög mikið. Þetta þýðir að flúoríð í útblæstri álversins minnkaði mjög mikið og þar með álag á umhverfið, en innan lóðar jókst meðhöndlun á flúoríðríku efni.

Kerbrotastöð var reist árið 1999. Eftir það var brotið úr ónýtum kerum innan húss en áður var það gert á sama svæði undir berum himni.

Kælivatn frá álverinu er leitt um olúskiljur til sjávar. Frárennsli af þökum og plönnum er beint í niðurföll með frárennsli til sjávar. Sandföng eru á niðurföllum og olúgildirur þar sem vænta má að olía fari í niðurföll.



Mynd 4 Svæði mögulegrar uppsöfnunar mengunarefna.

## 4 SAGA STAÐARINS

### 4.1 FYRRI NOTKUN Á LÓÐ ISAL

Áður en uppbygging álvers í Straumsvík hófst árið 1966 var engin iðnaðarstarfsemi á svæðinu (**mynd 5**). Núverandi starfsemi fer fram á tæplega 39 ha lóð.

Malarnám hafði verið á svæðinu í tengslum við almenna uppbyggingu í nágrenninu og lagningu á þjóðvegi 41, en vinna við hann hófst árið 1960 og stóð fram til 1965. Malarnám í hrauninu sunnan við álverið hélt svo áfram í mörg ár.

ISAL á nú einnig lóðina austan við girðinguna um núverandi byggingar á lóð álversins, sem nær allt að skólþdælustöð Hafnarfjarðar og samhliða lóð fyrir sunnan þjóðveg 41, allt að geymslusvæði sem þar er. Undanskilin er rönd meðfram þjóðveginum að hleðsluveggjum sem kallaðir eru kapella heilagrar Barböru. Ofan af öllu þessu svæði eru búið að fjarlægja Kapelluhraunið sem rann um árið 1150. Við norðurmörk geymslusvæðisins eru borholur sem í dag eru nýttar að hluta til sem vatnsból fyrir iðnaðarvatn til nota í álverinu.

### 4.2 ÞRÓUN OG ATBURÐIR Í REKSTRI ÍSAL

#### Stækkunarferill

Álverið var í upphafi reist í þremur áföngum, í fyrsta áfanga var ársframleiðslan 33.000 t, í öðrum áfanga var hún aukin í 44.000 t og í þriðja áfanga í 66.000 t. Framleiðsla í fyrsta áfanga álversins hófst 1. júlí 1969, en fullur straumur var kominn á í september það ár. Formlega var verksmiðjan vígð í maí 1970. Síðla árs 1969 var gerður viðbótarsamningur um að stækkun álversins og Búrfellsvirkjunar yrði flýtt. Samkvæmt þessum samningi var afkastageta álversins aukin í 77.000 t árið 1972. Árið 1975 var gerður annar viðbótarsamningur um stækkun álversins upp í 88.000 t og lauk þeirri stækkun árið 1980. Ekki urðu frekari stækkanir frá árinu 1980 fram til ársins 1997, en með tæknibreytingum og bættum búnaði jókst ársframleiðslan þó stöðugt og náði 100.000 t árið 1995. Með byggingu þriðja kerskálans árið 1997 var framleiðsla álversins síðan aukin enn frekar og var ársframleiðsla árið 2000 um 170.000 t.

Samhliða framleiðslunni í kerskálunum var steypuskálinn stækkaður.

Árið 2002 var lögð fram skýrsla um mat á umhverfisáhrif þess að reisa 2 nýja kerskála á lóð ISAL, sunnan við núverandi þjóðveg 41 og auka framleiðsluna í allt að 460.000 t á ári, samhliða því að stækka alla aðra aðstöðu eins og þurfti. Þessar áætlanir voru samþykktar í matsferlinu og nýtt starfsleyfi var gefið út árið 2005 fyrir framleiðslu á allt að 460.000 t á ári. Ekkert hefur enn orðið af þessum framkvæmdum.



1966

1996

2019

**Mynd 5.** Loftmyndir sem sýna þróun við lóð ISAL. 1966 er loftmynd í eigu ISAL, loftmyndirnar 1996 og 2019 eru teknar af vef Loftmynda ([www.map.is](http://www.map.is)) í mars 2020. Myndin frá 1966 sýnir að þegar er búið að fjarlægja mikið af hraunkarga af Kapelluhrauninu á lóð ISAL, sunnan Þjóðvegarsins, áður en bygging álversins hófst. Búið er að marka út úr hrauninu efni til vinnslu sem er í suðvesturhluta lóðar ISAL sunnan Þjóðvegarsins. Verið er að jafna núverandi byggingarsvæði niður. Búið er að setja út slóða sem afmarkar geymslusvæðið að sunnan eins og það sést á myndinni frá 1996. Á myndinni frá 1996 er kvartmílubrautin komin og verið er að vinna efni úr hrauninu milli geymslusvæðisins og kvartmílubrautarinnar. Kerskáli 3 er í byggingu 1996.



Árið 2010 var farið af stað með undirbúning að framleiðsluaukningu í allt að 230.000 t á ári í núverandi kerskálum með því að hækka strauminn á hverri kerlínu. Til þess að ná þessu fram þurfti að stækka aðveitustöð ISAL og breyta ýmsum búnaði í kerskálum og skautsmiðju. Jafnframt var ákveðið að stækka og breyta steypuskálanum til að fara úr því að steypa barra sem seldir voru til völsunar yfir í að steypa sívalninga eða bolta, sem notaðir eru til þrýstímótunar.. Auk þess var þurrhrensibúnaður fyrir kerskála 1 og 2 endurbyggður og stækkaður til að ná sömu hreinsvirkni og þurrhrensibúnaður í kerskála 3.

### Flæðigryfjur

ISAL hefur frá upphafi haft leyfi til að urða sérstakan framleiðsluúrgang á athafnasvæði sínu. Þessi urðunarstaður er kallaður flæðigryfjur, en úr þeim er virk útskolun sigvatns í sjó.

Í núgildandi starfsleyfi frá árinu 2005 er tilgreint að heimilt er að setja í flæðigryfjur úrgang sem flokkast undir eftirtalin númer samkvæmt reglugerð nr. 184/2002:

- a. Fóðringar og eldföst efni (16.11.00).
- b. Gjall frá frumframleiðslu (10.03.04-10.03.05).
- c. Skánir (10.03.15-10.03.16).
- d. Kolaryk (10.03.18).
- e. Aðrar agnir (10.03.22).


Á fyrstu árum starfseminnar var endurnýting efna ekki eins og nú er orðið. Til að mynda fóru fyrstu árin einnig heil ker, með straumleiðurum og annar málmur í gryfjurnar. Flæðigryfjur norðan við álverið eru sýndar á mynd 6. Auk þess eru flæðigryfjur D1, við afrein inn til Staumsvíkur við Reykjanesbraut, og D3, tanginn, utan við skrifstofubygginguna ISAL. Þar voru sett niður 156 heil ker, sem voru sett hallandi ofan í gryfjuna.

Í upphafi reksturs var allt álgjall urðað í flæðigryfjum en upp úr 1976 var farið að flytja út mestan hluta þess í endurvinnslu. Einungis fínasti hluti álgjallsins sem innihélt minnst af áli var urðaður en árið 2004 var hætt að urða álgjall í flæðigryfjur.

Síðustu áratugi hefur flokkun aukist jafnt og þétt og hlutfallslega minna sett í urðun. Frá upphafi hafa verið urðuð um 175.000 tonn af kerbrotum og um 11.000 tonn af gjalli.

### Asbest

Á áttunda og níunda áratugi síðustu aldar var allt eldfast efni í ofnum í steypuskála endurnýjað, en í því var mikið asbest. Því má gera ráð fyrir að í flæðigryfjum frá því fyrir 1985 geti verið asbest með öðru eldföstu efni. Mikilvægt er að ekki verði hreyft við urðunarsvæðinu til að tryggja að asbest komi ekki upp á yfirborðið.



**Mynd 6** Þróun á flæðigrýfju ISAL. Á myndina vantar flæðigrýfju D1, sem er á milli afreina inn til Straumsvíkur við Reykjanesbraut, og D3, tangann sem er utan við skrifstofu-ginguna.

## Olíur

Frá upphafi hefur svartolía notuð til að hita ofna steypuskála. Einnig var lengi notuð olía til að hita ofna í skautsmiðju, auk þess sem gasolía á farartæki hefur verið geymd og afgreidd á tæki á svæðinu. Frá árinu 1990 hefur markvisst verið unnið að því að taka upp rafhitun í stað notkunar á olíu eða gasi.

Olíutankar á svæðinu eru í sérstökum þróm og afgreiðsluplan er fyrir gasolíu/dísilolíu á tæki. Afrennsli af þessum svæðum er tengt olíuskiljum.

Á rafspennum er spennalía. Allir spennar á athafnasvæði ISAL eru í sérstökum þróm, auk þess sem öll spennarýmin eru yfirbyggð. Möguleg dreifing á spennalíu er því lítil. Á fyrstu árum starfseminnar var PCB í spennalíunni, en sú olía var öll fjarlægð í sérstökum herferðum í samvinnu við yfirvöld til að draga úr notkun og fjarlægja PCB úr öllum búnaði.

## Skautsmiðja

Við álverið er starfrækt skautsmiðja þar sem innflutt forbökuð rafskaut eru sett á skautgaffla. Þegar gafflarnir eru steypdir í skautin er kragasalli settur með til að verja tindana. Lengi var rekin kragasallavinnsla sjávarmegin við skautsmiðjuna og því má reikna með því að þar geti verið PAH mengun í jarðvegi.

## Endurvinnsla efnis

Frá upphafi hefur raflausn verið endurunnin og seinni árin hefur sú vinnsla verið aukin. Endurvinnsla fer fram á milli kerskála 1 og 2. Hluti af þeirri vinnslu er utandyra og er efni geymt þar undir skyggni, en opin fyrir vindum. Frá árinu 1981 hafa þurrhreinsi-

stöðvar endurunnið súralsryk og flúoríð úr útblæstri og eru þau kerfi einnig á milli kerskála 1 og 2. Við viðhald og aðra þjónustu þarf oft að taka efni úr kerfinu.

Allt efnið er notað aftur en einhver hluti smitast út og safnast ofan á yfirborð á milli skálanna. Hluti yfirborðs milli kerskálanna er með bundnu slitlagi, en víða er einnig jafnað hraun eða malar yfirborð. Það er að hluta til mettað af ryki eftir áratuga uppsöfnun.

Milli kerskála 2 og 3 er þurrhreinsistöð 3. Þar er einnig unnið að því að nýta efni þar sem ál hefur lekið niður í kerjum í kerskálum. Með því fer einnig raflausn og efni úr kerfóðringum. Við þurrhreinsstöð 3 er tekið út efni til endurvinnslu.

## Mengunarslys

Listi yfir þekkt mengunarslys og frávik er í **töflu 1** hér að framan.

Önnur starfsemi í nágrenninu er tekin fyrir í kafla 5.5.

## 5 LÝSING Á STAÐHÁTTUM


### 5.1 LEGA LANDS OG YFIRBORÐ

Lóð álsversins í Straumsvík stendur við sjó við sunnanverðan Faxaflóa þar sem mörg nútímahraun hafa runnið til sjávar, síðast árið 1151. Allt land sjávarmegin við þjóðveg 41 hefur verið jafnað út og er nú þakið með hraungjalli og fylliefni nema þar sem land hefur verið grætt grasi eða öðrum gróðri. Stór hluti yfirborðs lands innan girðingar er einnig þakinn byggingum og bundnu slitlagi. Mjög þunnt jarðvegslag er á svæðinu og einkennist það af mulningi af hraununum sem verksmiðjan stendur á.


### 5.2 JARÐFRÆÐI OG GRUNNVATN

ISAL stendur að mestu á Kapelluhrauni sem rann til sjávar í Straumsvík í gosi árið 1151. Austurendi kerskálanna og tengivirki stendur á Skúatúnshrauni. Allt hraunið er opið og undir því rennur stór grunnvatnsstraumur til sjávar í og við Straumsvík. Austan við Straumsvík nær Skúlatúnshraun út í sjó en það er rúmlega 2000 ára dyngjuhraun. Vestan við Straumsvík er Hrutagjánhraun sem er áætlað um 4000 ára. Ofan á Skúlatúnshrauni eru Hellnahraun, næst Ásfjalli, frá því um 950 og Óbrinnishólhraun, sem rann í kringum árið 190 f.kr. Kapelluhraun hefur svo runnið til sjávar milli Óbrinnishólhrauns að austan og Hrutagjánhrauns að vestan. Ofan á Hrutagjánhrauni er svo Geldingarhraun. Inn á milli hraunskilanna eru svo hraunmyndanir þar sem eldri hraun liggja undir, Selhraun 1 til 4. Efsti hluti Kapelluhrauns var þakið gjallkarga. Á **mynd 7** má sjá jarðgrunnskort af svæðinu.

Sama grunnvatnsborð eru undir eldri hraununum og þeim nýrri, en minni grunnvatnsstraumur. Hæð grunnvatnsborðs sveiflast upp og niður með sjávarföllum, þar sem grunnvatnið er eðlisléttara og flýtur ofan á sjónum, en flóðhæðin er um 4 m. Streymi til sjávar er sýnt á **mynd 8**.



Mynd 7 Jarðgrunnskort (Skúli Víkingsson, Árni Hjartarson, Haukur Jóhannesson, Helgi Torfason, Hreggviður Norðdahl, Jón Eiríksson og Kristján Sæmundsson 1995: Jarðgrunnskort, Elliðavatn 1613/III SV -J. 1:25.000. Landmælingar Íslands, Orkustofnun, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær og Reykjavíkurborg).



Mynd 8 Grunnvatnsrennsli undir álver ISAL skv. grunnvatnslíkani Vatnaskila.

### 5.3 YFIRBORÐSVATN

Ekkert yfirborðsvatn er á lóð álversins. Regnvatn af þökum og bundnu slitlagi fer í niðurföll til sjávar. Jarðvegur er gegndræpur og hleypir öllu regnvatni niður í grunnvatn.

Vatnafræði á Reykjanesi er allsérstæð. Úrkoma hripar niður um gljúp hraunin og eru því fáir lækir eða vötn á yfirborði. Grunnvatnið kemur víða fram í lindum í fjörunni og eru sumar þeirra ýmist ofan eða neðan sjávarmáls eftir stöðu sjávarfalla. Vestan álversins eru nokkrar tjarnir í hrauninu, sem í gætir flóðs og fjöru. Ástæða þess er hversu gropinn berggrunnurinn er. Sjór fyllir því glufur í berginu og til verður jarðsjór, sem rís og hnígur í takt við sjávarföll. Grunnvatnið liggur svo ofan á jarðsjónum þar sem ferskvatnið er eðlisléttara. Vatnsyfirborð tjarnanna breytist því einnig í takt við sjávarföll án þess að beinn samgangur sé á milli tjarnanna og sjávar. Í flestum tilvikum er vatnið ferskt en í öðrum tilvikum ísalt, eftir því hvar skil ferskvatns og jarðsjávar liggja í tjörnunum.

## 5.4 LÓÐ

Lóð ISAL, þar sem núverandi starfsemi fer fram, var öll jöfnuð út áður en starfsemi álversins hófst. Samsíða lóðinni liggur þjóðvegur 41, sem var lagður á árunum 1960 til 1965. Framkvæmdir við álverið í Straumsvík hófust svo árið 1966 og lauk við fyrsta áfanga árið 1969.

Áður en framkvæmdir hófust hafði Kapelluhraunið verið fjarlæggt að hluta og jafnað niður og nýtt meðal annars sem efni í þjóðveg 41 sem var opnaður í núverandi mynd árið 1965. Sá hluti Kapelluhrauns sem var ósnertur á lóð álversins var nýttur til að jafna út lóðina og fylla við hafnargarðinn. Jarðvegur undir álverinu er því eiginlega ekki til staðar þar sem það stendur annars vegar á gjalli úr Kapelluhrauni og hins vegar á gjalli og hraunklöpp úr Skúlatúnshrauni. Við framkvæmdir á síðari árum hefur einnig verið flutt inn á svæðið fyllingarefni úr öðrum námum.

Lóð álversins, sunnan þjóðvegarins, sem er í dag ónotuð, er gömul ójöfnuð efnisnáma þar sem upp úr stendur hleðsla þar sem kapellan svokallaða er. Í kring um hana liggur ójafnað gjallsvæði þar sem ójafnt grýtt yfirborðið einkennist helst af misstórum gjallsteinum, sem eru leifar frá eldra malarnámi. Við suðurenda lóðarinnar er ISAL með röð af grunnvatnsholum, sem nú liggja á smáhrygg sem rís upp úr lóðinni. Í grunnvatnsholunum er tekið kælivatn og einnig áður neysluvatn til notkunar í álverinu.

## 5.5 NÁGRENNI OG ÁHRIFASVÆÐI

### **Straumsvík**

Straumsvíkin liggur vestan við álverið og Straumsvíkurhöfn sem þjónar álverinu og Gasfélaginu er norðan álversins. Gasfélagið er með lóð á hafnarsvæðinu sjávarmegin við álverið. Gasfélagið flytur inn og dreifir própan/bútan gasi til notkunar víða um land auk þess sem ISAL notar gas þaðan.

Í Straumsvík má sjá ferskvatnsstrauminn streyma út í sjóinn á lágri sjávarstöðu. Þar fyrir innan er nokkrar tjarnir þar sem gætir flóðs og fjöru. Munur á flóði og fjörum í Straumsvík er oft um 4 metrar.

### **Straumur**

Straumur er bæjarstæðið vestan við Straumsvík. Þar hefur verið starfrækt listamiðstöð og þaðan liggja fjölmargar leiðir út með vikinni vestan megin, en svæðið þar er lítið snert miðað við næsta nágrenni. Nokkur önnur hús og bæjarstæði voru við botn Straumsvíkur.

### **Geymslusvæði**

Geymslusvæðið liggur að lóð álversins sunnan megin, alveg upp að borholum álversins. Eftir að það var sett upp var ákveðið í varúðarskygni að hætta að nýta vatn úr borholunum sem neysluvatn fyrir starfsfólk álversins. Sunnan við geymslusvæðið er kvartmílubraut.

### **Iðnaðarsvæði**

Iðnaðarsvæði er staðsett austan við geymslusvæðið. Þar er ýmiss konar starfsemi fjölda fyrirtækja. Stærstu fyrirtækin hafa verið brotajárvinnsla, endurvinnslustöð fyrir

úrgang, malbikunarstöð, steypustöð, plastframleiðslufyrirtæki, auk ýmissa minni málm- og málmhúðunar fyrirtækja. Einnig eru þar ýmis þjónustu og verktakafyrirtæki. Um tíma var þar rekinn stálbræðsluofn tengdur brotamálmvinnslunni.

### Meðhöndlun úrgangs

Á iðnaðarsvæðinu sunnan álversins er stór endurvinnslustöð fyrir úrgang. Á svæðinu þar sem skólpdælustöðin er nú var áður meðhöndlaður úrgangur. Meðal annars var urðaður þar úrgangur án leyfis í gjótur í hrauninu. Árið 1998 kviknaði í úrganginum sem hafði verið urðaður og brann hann í nokkurn tíma, sjá frétt í Morgunblaðinu 4. mars 1998 (<https://timarit.is/page/1899799#page/n5/mode/2up>).

### Meðhöndlun skólps

Á næstu lóð austan við álverið, næst sjónum, er nú skólpdælustöð Hafnarfjarðar þar sem síuðu skólpi er dælt til sjávar.

### Golfvöllur

Austan við skólpdælustöðina er hluti golfvallar Golfklúbbsins Keilis, sem liggur norðan við iðnaðarsvæðið. Austan við iðnaðarsvæðis og golfvöllinn er svo íbúabyggð Hafnarfjarðar.

## 6 NÁNARI LÝSING Á MÖGULEGA MENGUÐUM SVÆÐUM

Skipta má lóð álversins upp í nokkur svæði samanber **mynd 4** og **mynd 6** hér að framan. Annars vegar eru það flæðigryfjurnar þar sem eigin úrgangur hefur verið urðaður og hins vegar ýmis vinnslusvæði innan lóðarinnar. Þau helstu eru svæði við skautsmiðju, kerbrotastöð, olúgeymasvæði, svæði við þurrhreinistöðvar 1, 2 og 3, endurvinnslusvæði milli kerskála 1 og 2 og endurvinnslusvæði milli kerskála 2 og 3. Við steypuskála er svo svæði þar sem gjall var geymt og svo eru flutningsleiðir milli skautsmiðju og kerskála.

Í stækkunarferli álversins hefur byggingum og geymslusvæðum smám saman fjölgað og þá hefur eldra efni verið mokað burt og nýtt fyllingarefni verið flutt á svæðið. Einnig hefur hlutfall svæðisins þar sem nú er komið bundið slitlag aukist jafnt og þétt.

## 7 RANNSÓKNIR Á SVÆÐINU

### 7.1 ELDRI RANNSÓKNIR

Kerbrot, samsetning þeirra og útskolun úr þeim, hafa verið rannsökuð mikið, bæði erlendis og hérlendis. ISAL hefur reglulega mælt innihald efna í vatni í borholum á eldri flæðigryfjum. Þá eru til niðurstöður úr mælingum á vatni í borholum ISAL við geymslusvæðið. Í nokkrum af þeim mælingum koma fram nokkrar sveiflur, mögulega vegna mismunandi mikillar sjóblöndunar í sýnum.

Í sjó utan við flæðigryfjur hefur ISAL látið fylgjast með lífríki og einnig uppsöfnun á þungmálmum í kræklingi með reglubundnum hætti í mörg ár. Sambærilegar mælingar

hafa verið gerðar utan við álver Norðuráls á Grundartanga. Einnig hefur verið rannsakaður fjölbreytileiki lífríkisins við flæðigryfjurnar.

ISAL hefur tekið þátt í rannsóknum á uppsöfnun á þungmálmum og öðrum efnum í mosa á Íslandi sem hefur farið fram á 5 ára fresti frá árinu 1990, nú síðast árið 2015. Einnig hefur verið fylgst með flúoríði í gróðri og vatni í nágrenni ISAL allt frá árinu 1968, auk þess sem loftgæði hafa verið mæld á Hvaleyrarholti frá árinu 1994.

## 7.2 NÝJAR RANNSÓKNIR.

Við áætlunargerð fyrir nýjar rannsóknir var stuðst við ÍST ISO 18400 – 2018, Soil Quality Sampling, og þá sérstaklega hluta 203 Investigation of potentially contaminated sites. Farið var yfir svæðið og sögu þess og mögulega mengaðir staðir merktir inn á kort. Jafnframt var höfð hliðsjón af aðferðafræði samkvæmt ASTM E1527-2013, Standard Practice for Environmental Site Assessments: Phase I Environmental Site Assessment Process.

### Jarðvegssýni

Sýnatökuáætlunin var á þá leið að gert var ráð fyrir að taka 2 sýni af hverri gerð þar sem má gera ráð fyrir tiltekinni mengun og að lágmarki 1 af hverri staðsetningu þar sem gert var ráð fyrir mögulegri mengun eða samtals allt að 16 sýni.

Miðað var við að taka sýni af opnu svæði þar sem hægt var að komast í fína mól eða jarðveg. Ekki var gert ráð fyrir að rjúfa bundið slitlag eða bora niður úr steypum plötum. Á slíkum stöðum var sýnatöku sleppt og því ekki hægt að vita hvaðan það efni sem er þar fyrir neðan er eða hve mikið hefur verið fjarlægð.

Til viðmiðunar voru tekin 4 sýni innan núverandi girðingar þar sem ekki er vitað af neinni tiltekinni mengun. Á **mynd 9** má sjá sýntökustaði sem skilgreindir voru og **tafla 2** gerir nánar grein fyrir sýnatökupunktunum.

Einnig var skoðað að taka jarðvegssýni á lóð ISAL, sunnan Þjóðveggar 41. Það svæði hefur ekki verið notað af ISAL og er óhreyft frá þeim tíma sem malarnámið var í gangi. Því var fallið frá því að taka sýni á því svæði. Þetta svæði þarf þó að rannsaka ef farið verður í framkvæmdir á því.

Tekin voru jarðvegssýni á þeim svæðum sem sýnd eru á **mynd 9** og þau send í efna-greiningu. Almenn gildir um mengun í jarðvegi að mengunarefni safnast í fínefni og því var reynt að finna staðsetningar þar sem fínefni voru til staðar.


Sýni voru tekin þannig að jarðvegurinn var losaður með gröfu niður á 20 til 50 cm dýpi. Sýnið var svo tekið úr fínefni inni í miðri holunni á stað þar sem engin snerting hafði átt sér stað með gröfunni. Víðast þurfti að fjarlægja steina og grófa mól með höndunum til að komast í fínefnið. Milli kerskála 1 og 2 var ekki hægt að koma við gröfu. Þar voru handmokaðar holur milli bundins slitlags og veggja kerskálans. Sýni voru svo tekin með sama hætti.

Greining fór fram hjá vottaðri rannsóknarstofu í Alsgöbal í Svíþjóð. Olía og PAH voru greind á 2 svæðum, við skautsmiðju og olúgeyma. Málmar, vatnsleysanlegt flúoríð og heildar sýaníð voru greind í öllum sýnum samkvæmt viðurkenndum stöðlum.



**Tafla 2 Listi yfir sýnatökupunkta á menguðum svæðum og á lóðarbakgrunni.**

Punktur	Svæði	Efni	Mæliþáttur	Aðstæður
1	Skautsmiðja	Kragasalli Skautleifar Olía Raflausn	PAH/Olía Flúoríð Sýaníð Málmar	Nýmalarborið svæði, malbikað að hluta. Sýnið tekið undir nýrri mól.
2	Sama og 1	Sama og 1	Sama og 1	Sama og 1
3	Gjallgeymsla	Gjall	Sýni ekki tekið	Búið að byggja við steypuskála, byggja ramp yfir í kerskála og malbika í kringum.
4	Gjallgeymsla	Gjall	Flúoríð Sýaníð Málmar	Geymslusvæði fyrir gáma, mjög þjöppuð mól.
5	Svartolíulögn	Olía	PAH/Olía Flúoríð Sýaníð Málmar	Frekar laus fín mól.
6	Gasolíugeymir	Olía	Sama	Frekar laus fín mól.
7	Skautsmiðja	Skautleifar Olía Raflausn	Sýni ekki tekið	Búið að endurnýja svæði, malbika yfir og ganga frá.
8	Kerskáli rampur	Skautleifar Raflausn	Flúoríð Sýaníð Málmar	Sýni tekið vestan við ramp. Búið að malbika og ganga frá austan við.
9	Kerskálar endurvinnslusvæði	Skautleifar Raflausn	Flúoríð Sýaníð Málmar	Handmokað við vegg kerskála 2. Annað malbikað eða steipt.
10	Kerskálar endurvinnslusvæði	Skautleifar Raflausn	Sýni ekki tekið	Allt yfirborð malbikað eða steipt.
11	Kerskálar þurrhreinistöð	Skautleifar Raflausn	Flúoríð Sýaníð Málmar	Handmokað við vegg kerskála 2. Annað malbikað eða steipt.
12	Kerskálar endurvinnslusvæði	Skautleifar Raflausn	Flúoríð Sýaníð Málmar	Sýni tekið í malarsvæði nálægt kerskála 3. Malbikað nær tengibrú milli skála.
13	Kerskálar endurvinnslusvæði	Kerbrot Raflausn og állekar	Flúoríð Sýaníð Málmar	Sýni tekið í malarsvæði nálægt kerskála 3, bak við steiptan vegg milli skála.
14	Kerskálar endurvinnslusvæði	Kerbrot Raflausn og állekar	Flúoríð Sýaníð Málmar	Sýni tekið í malarsvæði nálægt kerskála 2. Malbikað fjær skála.
15	Kerbrotastöð	Kerbort raflausn	Flúoríð Sýaníð Málmar	Sýni tekið nálægt vegg stöðvar. Lengra frá búið að setja mold og gróðurþekju.
16	Kerbrotastöð	Kerbort raflausn	Sýni ekki tekið	Búið að endurnýja svæði, malbika yfir og ganga frá.
I	Opið svæði við tengivirki.	Engin sérstök	Flúoríð Sýaníð Málmar	Frekar laus mól - lóðarbakgrunnur
II	Geymslusvæði milli skála.	Engin sérstök	Flúoríð Sýaníð Málmar	Frekar laus mól - lóðarbakgrunnur
III	Utan við gámageymslusvæði.	Engin sérstök	Flúoríð Sýaníð Málmar	Frekar laus mól - lóðarbakgrunnur
IV	Milli hleðsluveggjar og vegar.	Engin sérstök	Flúoríð Sýaníð Málmar	Frekar laus mól - lóðarbakgrunnur



Mynd 9 Svæði mögulegrar uppsöfnunar mengunarefna með merktum sýnatökupunktum og sýnatökupunktum fyrir lóðarbakgrunn.

## Vatnsýnataka

